

Mál 30/2017

Ár 2018, miðvikudaginn 18. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 30/2017

HRFÍ

gegn

X og Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 13. september 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu X og Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem tíkin hafði þá náð 7 ára aldri og ekki lá fyrir heilsufarsvottorð við þörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17. janúar 2018 og þeim gefinn andmælafrestur til 14. febrúar. Ekki hefur borist svar við kærinni né hafa kærðu á neinn hátt útskýrt kæruefnið. Siðanefnd taldi útséð um að kærðu myndu nýta sér andmælarétt sinn og tók því málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði dagsettu 2. maí 2017 var tíkin A þöruð við rakkann B hinn 12. nóvember 2016. Við þörunina var tíkin orðin 7 ára og 8 mánaða gömul. Meðfylgjandi heilsufarsvottorð tíkarinnar var dagsett 30. maí 2017 sem sé 5 og hálfum mánuði eftir þörun. Á þörunarvottorðinu var tiltekið að tíkin hefði verið þöruð áður, en það hefur ekki fengist staðfest. Hundarnir eru af tegundinni Dansk-Svensk gárdshund og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu hafa ekki nýtt sér andmælarétt sinn.

III. Forsendur.

Í 3. kafla í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ um ræktendur segir í grein 3.5

„ Ef tík er þöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja þörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir þörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við þörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri”.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tíkin var komin vel yfir 7 ára aldur þegar hún var þöruð. Reglan er sett með dýravelferð að leiðarljósi og ætti öllum ræktendum að vera það ljúft og skylt að halda hana. Heilsufarsskoðun sem gerð var 5 og hálfum mánuði eftir þörun og sem tíkin stóðst er góðra gjalda verð, en dugar alls ekki sem slík. Heilsufarsskoðunin þarf að fara fram fyrir þörun en ekki eftirá. Þá var ekki hægt að fá það staðfest að tíkin hefði átt hvolpa

áður, en það er tiltekið í reglunum að ekki megi para tók sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður.

Kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins. Þykir siðanefnd því hæfileg refsing vera áminning þó svo að í málinu leiki vafi á því hvort brotið hafi verið á tókinni með tvennum hætti.

IV Niðurstaða

Kærðu X og Y teljast hafa gerst brotleg við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða, X er áminnt.

Kærði, Y er áminntur.

f.h siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Fjóra Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir